Aðalsteinn Hákonarson

Skjólborg og *Skjaldborg* – *Högni* og *Högn* – *Sundhnúksgígar* eða *Sundhnúkagígar*

1 Inngangur

Hér á eftir birtast þrjár smágreinar sem byggjast á rannsóknum sem gerðar voru til að svara fyrirspurnum um vafamál við skráningu í opinberan örnefnagrunn. Náttúrufræðistofnun (áður Landmælingar Íslands) viðheldur þessum gagnagrunni í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en um hann og samstarf stofnananna er fjallað nánar í annarri grein framar í heftinu (bls. 155–160). Auk þess að koma á framfæri niðurstöðum rannsóknanna er tilgangurinn með þessum þremur greinum að vekja athygli á grunninum og því hvernig tekist er á við álitamál sem upp koma við vinnslu hans. Grunnurinn er þess eðlis að jafnan þarf að velja eina niðurstöðu, svo sem hvert af tví- eða fleirnefnum skal vera aðalnafn (t.d. *Vífilfell* eða *Vífilsfell* og *Urriðakotsvatn* eða *Urriðavatn*). Heimildum er safnað um efnið og þær skoðaðar í ljósi andstæðra sjónarmiða sem vega þarf og meta til að komast að þeirri niðurstöðu sem „réttust“ telst í hverju máli. Rannsóknir af þessu tagi heyra undir fagsviðið *örnefnastýringu* sem er undirsvið málstýringar eða málræktar (sjá nánar hjá Ara Páli Kristinssyni 2010:1–2).

Orð og tunga 26 (2024), 161–178, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.26.9
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

2 *Skjólborg* og *Skjaldborg*

Í ágúst 2022 barst fyrirspurn um nafn á klettabelti nokkru á Vesturfjalli í Botnsdal í Tálknafirði. Í örnefnagrunninum var skráð heitið *Skjaldborg* en í örnefnaskrá Norðurbotns í Tálknafirði var það nefnt *Skjólborg*. Nafnið *Skjaldborg* hafði verið skráð í grunninn eftir opinberum kortum og hafði verið skráð þannig á þeim allar götur frá fyrstu útgáfu Herforingjaráðsins[1] á viðkomandi kortablaði árið 1915 (mælt 1913) (Generalst. 13 NV). Það er jafnframt elsta þekkta heimild um heiti klettabeltisins. Örnefnaskrá Norðurbotns er nokkru yngri, eða frá 1937, en þar segir:

> Á [Vesturfjalli] upp af Hádegisgili er klettaborg með graslendi að norðan og austan, heitir hún Skjólborg.

Um tuttugu árum síðar notar Jóhann Skaptason, sýslumaður Barðastrandarsýslu 1935–1956, einnig heitið *Skjólborg* í lýsingu á Tálknafirði (1959:114).

Orðið *skjaldborg* (kvk.) er úr hernaðarmáli. Það merkir ‘samfelld röð af skjöldum’ (Fritzner 3:353) og kemur oft fyrir í fornritum. Orðið hefur sömu merkingu í nútímamáli, en er ekki síst notað í orðasambandinu *slá skjaldborg um einhvern* (eða *eitthvað*) ‘sameinast um að verja’, í víðum skilningi, ekki einungis hernaði. Skjaldborg eða Skjaldborgarleikur er einnig heiti á gömlum leik (Ólafur Davíðsson 1888–1892:118–120) og einnig er til skákleikur er kallast Að rjúfa skjaldborg (s.st. 297).

Ef *Skjaldborg* er upphaflegt nafn er um að ræða líkingarnafn, klettabeltið hefur þótt minna á hugmyndina um skjaldborg í hernaði. Nafnið *Skjólborg* væri á hinn bóginn dregið af því að klettarnir veittu skjól, líklega sauðfé,[2] sbr. orð örnefnaskrárinnar um graslendi norðan og austan klettaborgarinnar.

Örnefnið *Skjaldborg* hefur einungis fundist á einum öðrum stað. Leitað var í örnefnaskrám í Örnefnasafni Árnastofnunar með aðstoð leitarvélar á vefnum *nafnið.is*. Einungis er unnt að leita í skrám sem örnefni hafa verið lesin úr með ljóslestrartækni. Það á þó við um stærstan hluta skránna.

---

[1] Landmælingadeild Herforingjaráðs danska hersins (Generalstabens topografiske Afdeling) hafði með höndum landmælingar og kortagerð í Konungsríkinu Danmörku í byrjun 20. aldar.

[2] Staðurinn er hátt uppi í fjalli. Annars staðar er tiltekið um samnefndan klett að þar hafi hestar leitað skjóls, sjá hér á eftir.

(1) *Skjaldborg* er hæðarbunga norðarlega á Reykjanesfjalli milli Berufjarðar og Þorskafjarðar, á merkjum milli Hlíðar, Hofsstaða og Hyrningsstaða í Reykhólahreppi (örnefnaskrár).[3] Í tveimur landamerkjaskrám (Hyrningsstaða og Hofsstaða) frá lokum 19. aldar er ritað „Skjólborg“ (ÞÍLmbBarð, nr. 12 og 18 árið 1884).

Leit á sama stað leiddi í ljós 16 dæmi um örnefnið *Skjólborg* (að frátöldum dæmunum af Reykjanesfjalli og úr Tálknafirði):

(1) *Stóra-Skjólborg* og *Litla-Skjólborg* eru lítil klettaholt í landi Írafells í Kjós (örnefnaskrá).

(2) Á merkjum Kalastaða og Kalastaðakots á Hvalfjarðarströnd er stórt og mikið holt sem nefnt er *Skjólborg* (örnefnaskrár). „Hún er standberg að vestan og þar stóðu hestar oft í höm“ (örnefnaskrá Kalastaða). „Skjólborg“ er einnig í landamerkjabréfum Kalastaða og Kalastaðakots (ÞÍLmb I Mýr/Brg. nr. 137 og 169 árið 1885).

(3) *Skjólborg* er nefnd í örnefnaskrá Kambshóls í Svínadal í Hvalfjarðarsveit en ekki lýst (örnefnaskrá).

(4) *Skjólborg* er eitt (og hæst) af holtum sem saman eru nefnd Brúarholt hjá Hvanneyri í Andakíl (örnefnaskrá).

(5) *Skjólborg* er klettur í landi Refsstaða í Hálsaveit í Borgarfirði, vestur af Markhól sem er á merkjum á móti Sigmundarstöðum, Kollslæk og Uppsölum (örnefnaskrá Refsstaða).

(6) Neðst á svonefndum Stekkjarás í landi Kvía í Þverárhlíð í Borgarfirði eru háir kringlóttir klettar sem heita *Skjólborg* (örnefnaskrá).

(7) Í grennd við Hríshólsvatn vestan við bæinn á Leirulækjarseli á Mýrum er klettaholt nefnt *Skjólborg* (örnefnaskrá).

(8) Á Brennistöðum á Mýrum er sérstakur klettur eða drangur nefndur *Litla-Skjólborg* og stór klettaborg nefnd *Stóra-Skjólborg* (örnefnaskrá).

[3] Vísað er með þessum hætti til örnefnaskráa jarða sem nefndar er í textanum. Tilvísun er fyllri (t.d. „örnefnaskrá Grafar í Skilmannahreppi“) ef jörðin er ekki nefnd í textanum.

(9) *Skjólborg* er klettaborg í landi Ánabrekku á Mýrum (örnefnaskrá).

(10) Klettabunga í landi Hundastapa á Mýrum kallast *Skjólborg* (örnefnaskrá).

(11) *Skjólborg* er á landamerkjum Skíðsholts og Stóra-Kálfalækjar á Mýrum (örnefnaskrár). Það er „dálítið hrikalegt holt, með vörðu“ (örnefnaskrá Skíðsholts). Hún er ekki nefnd í landamerkjabréfum (ÞÍLmb I Mýr/Brg. nr. 88 og 106 árin 1922–1923).

(12) Í landi Álftár á Mýrum koma eftirfarandi örnefni fyrir í röð: *Hrafnaskjól*, *Miðskjól*, *Efstaskjól* og *Skjólborg* (örnefnaskrá). Þeim er ekki lýst en líklega eru þetta klettaholt.

(13) Neðarlega á Sandsheiði fyrir ofan Rauðasand eru klettaborgir er heita *Skjólborg* (örnefnaskrá Skarða).

(14) Tvær klettaborgir í landi Merkigarðs í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði heita *Skjólborgir* (örnefnaskrá).

Athygli vekur að fyrir utan *Skjólborg* á Reykjanesfjalli, á heiðinni upp af Rauðasandi og í Tálknafirði, og *Skjólborgir* í Skagafirði eru öll dæmin bundin við afmarkað svæði frá Hvalfirði og upp á Mýrar. Þar hefur nafnið náð fótfestu í nafnaforða málsamfélagsins; skapast hefur venja fyrir því að nefna klettaholt sem veittu skjól *Skjólborg*. Við nafngjöf er annaðhvort búið til nafn á grunni almenns orðaforða eða tilbúið nafn sótt í nafnaforða málsins. *Skjólborg* er auðskilið nafn myndað með algengum samnöfnum og kann að hafa verið búið til á fleiri en einum stað. *Skjólborg* í Tálknafirði er hugsanlega sjálfsprottin og ótengd „nöfnum“ sínum suðvestanlands en kynni einnig að hafa borist þaðan og sömuleiðis dæmin á Reykjanesfjalli og fyrir ofan Rauðasand.

Hans Kuhn (1951) fjallaði um nöfn sem breiðast út um ákveðin svæði í greininni „Vestfirzk örnefni“, þar á meðal nafnið *Hreggnasi* (bls. 16–17):

> Nafnið *Hreggnasi* mun vera elzt á Snæfellsnesi, líkt og *Svörtuloft*. Þar er það nafn á fjöllum, svo sem því hæfir, því að *hregg* er stormur […]. Þar á nesinu eru auk þess fjöll, sem heita

> *Hreggi* og *Kaldnasi*. En á norðvesturkjálkanum er *Hreggnasi*, og eins *Hreggnesi* og *Hreggnes*, svo til alstaðar lítilsháttar örnefni, og það því meira, sem dregur norðar og austar. Sumstaðar eru það jafnvel hólar í túninu eða skammt frá bænum, ellegar þá smánes eða litlir höfðar […]. Menn hljóta að hafa misskilið nafnið og tengt það við orðið *nes*, sem það átti í upphafi ekkert skylt við, og því gert úr því, þegar þeir fluttu það lengra og lengra, *Hreggnesi* og seinna *Hreggnes*.

Nafn þetta hefur einnig borist yfir í Húnavatnssýslu og eru nokkur dæmi um það á Vatnsnesi. Þar hefur merkingin ekki breyst á sama hátt og á Vestfjörðum. Í Talmálssafni Orðabókar Háskólans er eftirfarandi skráð um orðið *hreggnasi*:

> hef heyrt einstaka kletta eða klettabelti sem eru áveðurs (á móti harðri átt) kallaða Hreggnasa (Stefán Díomedesson, Hvammstanga, V-Hún. 2/2 1964)

Einn *Hreggnasi* á Vatnsnesi er í landi Vesturhópshóla (örnefnaskrá). Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–1779) nefnir hann í orðabók sinni (Safn):

> *Hregg-nasi.* m. Scopuli magni nomen in monte exstans ad sedem sacerdotalem Vestur hoops hoolar, in Præf. Hunavatnensi, id est, qvi nasum habet nimbis et procellis expositum.[4]

Þar er einnig skýring á nafnorðinu *hreggnasi*, skráð í færslu um orðið *nös* (Safn):

> *hregg-nasi*, qvi nasum obvertit imbribus. Novi esse nomen ingentis saxi, qvod in latere montis exstat.[5]

Tilbúin nöfn af þessu tagi sem gefin eru þar sem staðhættir samræmast merkingu nafnsins hafa verið nefnd **flökkunöfn** (da. *vandrenavn*). Þegar tilbúin nöfn eru gefin án tillits til aðstæðna er hins vegar talað um **eftirheiti** (da. *opkaldelsesnavn*).[6] Dæmi um hið síðarnefnda væri

[4] Hregg-nasi kk. Nafn á stórum kletti sem stendur út úr fjalli við kirkjustaðinn Vesturhópshóla í Húnavatnssýslu, þ.e. sem hefur nefið útsett fyrir stormi og hreggi.

[5] hregg-nasi, sem snýr nefinu út í storminn. Ég þekki það sem nafn á miklum kletti sem stendur út úr fjallshlíð.

[6] Íslensku heitin eru fengin úr skrifum Þórhalls Vilmundarsonar (1983:28, 1994:11). Nánar um fullmótuð nöfn gefin í ákveðinni merkingu, flökkunöfn, sjá Hans Kuhn (1951:14 o.áfr.) og Þórhall Vilmundarson (1983:28, 1996:50).

t.d. nýbýli á flatlendi sem nefnt væri *Brekka* vegna þess að ábúendur bjuggu áður á samnefndum bæ.

Skjaldborg á Reykjanesfjalli er nefnd í nokkrum örnefnaskrám, sem á bak við eru sex eða sjö heimildarmenn, en enginn þeirra getur um nafnið *Skjólborg*. Í einu tilviki var það þó borið undir heimildarmann, en hann þekkti það ekki og taldi misritun (örnefnaskrá Hyrningsstaða).

Sennilega er nafnið *Skjaldborg* (í Tálknafirði og á Reykjanesfjalli) afbökun úr hinu algengara nafni *Skjólborg* sem í báðum tilvikum kemur fyrir sem hliðarmynd. Að vísu kemur *Skjaldborg* í Tálknafirði fyrir í eldri heimild en *Skjólborg*, en þar kemur tvennt til greina sem möguleg skýring. Annars vegar að um tíma hafi bæði nöfnin verið notuð en einungis *Skjaldborg* verið skráð af landmælingamönnum. Hins vegar að í meðförum þeirra hafi *Skjólborg* afbakast í *Skjaldborg*. Ég hef rekist á mörg dæmi um afbakanir í nafnalistum á teikningum að uppdráttum Herforingjaráðsins. Á teikningu að kortablaði 13 NV, þar sem prentað er *Skjaldborg*, er afbökunin „Álfgrunnadalur“ (Söguleg kort Dana) en á útgefna kortinu er nafninu sleppt (Generalst. 13 NV). Samsvarandi nafn í örnefnaskrá Norðurbotns er *Albrunadalur*. Á teikningu að kortablaðinu 22 SV eru fleiri dæmi, „Mýflóivatn“ fyrir *Mýfluguvatn* og „Skíðá“ (eða „Skéðá“) fyrir *Skeiðá* (Söguleg kort Dana). Á útgefna kortinu hefur fyrra nafnið verið leiðrétt en ekki hið síðara (Generalst. 22 SV). Ætla má að auðveldara sé að koma auga á afbökun ef útkoman er málleysa eins og *Mýflóivatn* en ef hún er mögulegt nafn eins og *Skíðá* – eða *Skjaldborg*.

Þótt niðurstaðan sé að örnefnið *Skjaldborg* á tveimur stöðum hafi áður verið *Skjólborg* er ekki þar með sagt að síðara nafnið skuli skráð í örnefnagrunninn, heldur þarf að vega og meta ólík sjónarmið. Upprunasjónarmiðið mælir hér í báðum tilvikum með *Skjólborg*. Á hinn bóginn hefur komið fram að í máli heimamanna virðist hæðarbungan á Reykjanesfjalli hafa verið nefnd *Skjaldborg* eftir að komið var fram á 20. öld og eldra nafnið þá verið horfið úr málinu. Almennt virðist skynsamlegt að hafa sem aðalnöfn á kortum þau sem eru notuð í samtímanum eða hafa verið til skamms tíma. Í örnefnagrunninn er hægt að skrá tvö eða fleiri nöfn fyrir sama stað en þó þarf að velja aðalnafn. Hér var ákveðið að skrá *Skjaldborg* sem aðalnafn, en einnig þótti rétt að skrá *Skjólborg* sem hliðarmynd í ljósi heimilda um það.

Í tilviki klettabeltisins í Tálknafirði benda heimildir til að nafnið *Skjólborg* hafi verið notað af heimamönnum á 20. öld og ber þannig sjónarmið um málnotkun í nærumhverfi á síðari tímum og um

uppruna að sama brunni, að skrá *Skjólborg* sem aðalnafn. Á móti kemur sjónarmið kortahefðar, enda var *Skjaldborg* á opinberum kortum alla 20. öld, sjá t.d. útgáfu atlaskorts frá 1998 (LMÍ 13). Hér var ákveðið að láta fyrrnefndu sjónarmiðin ráða. Þegar hefur orðið rof í kortahefðinni því að *Skjólborg* er á uppdrætti í nýlegri byggðarsögu Vestur-Barðastrandarsýslu frá 2011 (Birgir Þórisson 2011:336) og einnig í nýjustu útgáfu *Íslandsatlass* (Hans H. Hansen 2015, kort nr. 13). Vegna kortahefðar var þó ákveðið að skrá *Skjaldborg* sem hliðarmynd.

3 *Högni* og *Högn*

Í október 2022 var spurt um nafn á fjallshnúk innarlega í Langadal við botn Ísafjarðardjúps. Frá fyrstu útgáfu Herforingjaráðsins árið 1915 (mælt 1913) (Generalst. 22SA) hefur hann heitið *Högn* á opinberum kortum, sbr. t.d. útgáfu atlaskorts frá 1994 (LMÍ 22). Í örnefnaskrá Bakkasels í Langadal, sem gerð var veturinn 1937–1938, heitir hann hins vegar *Högni.* Þar segir:

> Fyrir framan Þinghól eru svo kallaðar Heiðarbrekkur allt fram að Steinsgili. Um brekkurnar liggur vegurinn upp úr Langadal upp á heiðarnar Steingrímsfjarðar- og Þorskafjarðarheiði, sem er sameiginlegur upp á mitt Högnafjall. Fyrir framan Steinsgil er svo nefndur Steingilsskógur. Fjallshnúkurinn þar upp af heitir Högni og er kallað Högnafjall upp af honum. Þar sem Steingilsskógurinn endar heitir Hvarf og á því Tæpagata. Fyrir framan hana eru Heimri-Högnahlíðar og Fremri-Högnahlíðar. Niður hlíðar þessar rennur Högnaá sem kemur um langan veg austan af Steingrímsfjarðarheiði úr svo nefndum Sóleyjardölum og ýmsum lækjum sem í hana falla úr vötnum og tjörnum á heiðinni.

Heimildarmaður var Guðmundur Hafliðason (1882–1944), bóndi á Fremri-Bakka, og virðist hann ávallt hafa búið á svæðinu (sjá örnefnaskrá Kirkjubóls). Hann var um þrítugt þegar dönsku landmælingamennirnir voru þar. Önnur heimild um nafnið *Högni* er í *Sögu-þáttum landpóstanna* (Helgi Valtýsson 1942), í þætti skráðum eftir Jóhannesi Þórðarsyni (1864–1938) (bls. 256 o.áfr.). Er hann fór fyrst póstferð yfir Þorskafjarðarheiði 1893 var faðir Guðmundar (Hafliði Hafliðason 1852–1937) bóndi á Fremri-Bakka og tveir föðurbræður

hans á næstu jörðum, Bakkaseli og Kirkjubóli (bls. 268). Sama ár fór Jóhannes jólapóstferð með reyndum pósti, Jens Þórðarsyni (1840–1931), en vegna ófærðar og náttmyrkurs varð þeim torvelt að finna rétta leið niður í Langadal. Á endanum fundu þeir að landið var farið að halla, en Jens óttaðist samt að þeir væru á rangri leið (bls. 277):

> Nú biður Jens póstur tvo menn að fara fyrir sig spölkorn ofan eftir þessum halla og vita, hvort þeir heyri ekki nið í fossi, sem ætti að heyrast, værum við sunnan við fjallið Högna, eins og sig grunaði.

Grunur Jens reyndist réttur og rataði hann nú á rétta leið sem liggur norðan við Högna. Högn(a)á rennur suður fyrir fjallið og steypist þar fram af klettum.

Ekki er þekkt annað dæmi um ósamsetta nafnið *Högn*, en einn annar *Högni* er til. Það er fell neðarlega í Geldingaveri í Flóa- og Skeiðamannaafrétti. Nafnið er ungt ef sú sögn er rétt að fellið heiti eftir Högna Guðnasyni (1884–1972) bónda í Laxárdal (Ágúst Guðmundsson 1996:172). *Högna*-nöfn eru hins vegar allmörg. Fyrir utan nöfnin sem leidd eru af *Högn(a)* í Langadal (*Högnafjall*, *Högn(a)á* og *Högnahlíðar*) og bæjarnafnið *Högnastaði* á þremur stöðum á landinu hef ég fundið eftirfarandi dæmi í Örnefnasafni Árnastofnunar með aðstoð leitarvélar á vefnum *nafnið.is*:

(1) *Högnaklettur* er sunnan í Raufarfelli á landamerkjum jarðanna Raufarfells og Rauðafells undir Eyjafjöllum. *Litli-Högnaklettur* er nálægur klettur í landi Rauðafells (örnefnaskrár). *Högnaklettur* „er mikill og áberandi klettur“ sem „setur mikinn svip á fjallið“ segir Guðni Þorgrímur Þorvaldsson (2020:110).

(2) Á Hrútafelli undir Eyjafjöllum er *Högnagerði* (örnefnaskrá).

(3) *Högnablá* og *Högnalækur* eru í landi Heiðarsels í Hróarstungu (örnefnaskrá).

(4) *Högnabrekkur* eru hjá Lónakoti vestur af Straumsvík í landi Hafnarfjarðar (áður Garðahreppur) (örnefnaskrá).

(5) *Högnadalur* og *Högnavatn* eru vestan við fjallið Hermundarfell í Þistilfirði (örnefnaskrá Hermundarfells).

(6) *Högnagerði* er nú tún á Hrauni á Skaga, en til skamms tíma voru þar húsatættur sem bentu til búsetu (örnefnaskrá). *Högnagerðis* er getið árið 1709 og „menn ætla að fornu hafi bygð verið, því þar sjest deili til tóttarústa og girðínga“ (Jarðabók 9:4).

(7) *Högnagróf* er í landi Eiríksstaða í Jökuldal (örnefnaskrá).

(8) *Högnahaugur*. Þverfell innst í Lundarreykjadal fær nafn af Þverfelli „austan við bæinn [sem] lokar dalnum. Sést þetta fell víða að. Uppi á fellinu er annað fell eða hnókur, sem heitir *Högnahaugur*“ (örnefnaskrá).

(9) *Högnahnúkur* er nefndur í einni örnefnaskrá Laxárdals í Gnúpverjahreppi. Innarlega í landi jarðarinnar eru þrír hnúkar nefndir *Þorsteinshnúkur*, *Þórðarhnúkur* og *Högnahnúkur*. Í annarri skrá er aðeins nefndur einn hnúkur sem heitir ýmist *Þorsteins-* eða *Þórðarhnúkur* (örnefnaskrár).

(10) Á Hofsstöðum í Álftaneshreppi í Mýrasýslu eru Úthólar vestur af heimatúninu og nefnist einn þeirra *Högnahóll* (örnefnaskrá).

(11) *Högnahólmar* eru hólmar eða tangar í svonefndum Veitum í landi Grundar í Nesjum (örnefnaskrá).

(12) *Högnalækur* er á merkjum jarðanna Haga og Guttormshaga í Holtahreppi, Rangárvallasýslu. Í örnefnaskrá Kvíarholts er sögn um að séra Högni, prestur á Guttormshaga, hafi drukknað í Högnalæk. Sögnin er einnig nefnd í örnefnaskrá Haga (örnefnaskrár).

(13) *Högnasker* er ein af ystu eyjum Höllustaða í Reykhólahreppi. Þar mun áður hafa verið talsvert varp, en er nú sama og ekkert (örnefnaskrár).

(14) *Högnavöllur* er í landi Garða í Garðahreppi. Nafnið er ekki skýrt í örnefnaskrá, en þar nærri er Guðrúnarvöllur (örnefnaskrá).

(15) *Högnavöllur* var hjáleiga í landi Fells í Mýrdal. Þar mun byggð hafa lagst af um 1880 samkvæmt örnefnaskrá. Býlið kemur aðeins fyrir í manntölunum 1860, 1870 og

1880 (ÞÍ Manntöl). Þess er ekki getið í jarðatali Johnsens 1847 (bls. 15).

(16) *Högnholt* er í landi Högnastaða í Hrunamannahreppi á merkjum við Bryðjuholt (örnefnaskrá).

(17) *Högnhöfði* er hátt fjall (um 1030 m) sem rís vestur af hinum breiða dal þar sem Úthlíðarhraun hefur runnið, norður af Úthlíð í Biskupstungum. Högnhöfði er hluti af fjallgarði sem Þorvaldur Thoroddsen nefnir *Laugardalsfjöll* (1958:204; örnefnaskrá Úthlíðar).

Þrennt virðist koma til greina um merkingu fyrri liðar nafnanna.

- Karlmannsnafnið *Högni* er vel þekkt úr fornritum og virðist hafa tíðkast hér frá upphafi byggðar (í manntalinu 1703 báru nafnið 27 karlar).
- Nafnorðið *högni* ‘karldýr kattarins, fress’ er ekki þekkt úr fornmáli, en það er nefnt í Orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík frá 18. öld (Safn).
- Úr nýnorsku er þekkt mállýskuorðið *hogn* (kvk.) ‘fjallshryggur, klettahryggur (með bröttum hliðum); hátt fjall’ (NO 5:533–534). Það er algengt í nöfnum á háum fjöllum á svæði sem nær frá Suður-Þrændalögum (þar eru m.a. *Melshogna*, *Forillhogna*, *Buhogna*, *Sauhogna*) og Østerdalen í Noregi til Härjedalen og Dalarna í Svíþjóð (NSL 309; Sandnes 1968:32–33).

Hugsanlega koma allar þessar merkingar fyrir í *Högna*-örnefnunum. Venjulega virðist gert ráð fyrir að í bæjarnafninu *Högnastaðir* sé mannsnafnið (sjá t.d. Finnur Jónsson 1907–1915:428) og gæti hið sama átt við um býlin *Högnagerði* og *Högnavöll*. Aðeins í einu tilviki tilgreina örnefnaskrár sögn er skýri nafn á þennan hátt (*Högnalækur*). Um *Högnaklett* undir Eyjafjöllum er þó frásögn í þjóðsögum Jóns Árnasonar af fornmanninum Rúti á Hrútafelli undir Eyjafjöllum sem hafi drepið þrælinn Högna við klettinn (ÍÞÆ 4:125). *Kattar*-nöfn eru alltíð hér á landi og kemur til greina að sum *Högna*-nöfn séu af sama tagi. Loks er freistandi að tengja hnúkinn *Högn(a)*, auk *Högna*-nafna sem eiga við kletta og fjöll við *hogn* í nýnorsku.

Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:410) tilfærir nafnmyndina *Högn* (kvk.) í *Íslenskri orðsifjabók* og bendir á norska orðið *hogn*. Hann getur

þess til að það sé af sömu rót og mannsnafnið *Högni* sem talið er merkja ‘verndari, landvarnarmaður’ og vera skylt *hagi* og *hegna* ‘girða af, verja gegn ágangi’. *Högn* kvk. hefði þá upphaflega haft merkingu á borð við ‘skjólríkt fjall, fjallgirðing’. Alf Torp (1963:218) áleit að *hogn* gæti verið skylt sögninni *hanga* og myndi þá tengjast norskum fjallanöfnum eins og *Hangur* og *Hongfjellet* (NSL 195, Sandnes 1968:33).

Ef *Högn* er upprunalegt nafn fjallshnúksins í Langadal hefðu afleiddu örnefnin í öndverðu verið **Högnarfjall*, **Högnarhlíð* og **Högnará*. Í framburði verður *r* auðveldlega ógreinilegt í slíkum samsetningum og auk þess hefði verið sterk tilhneiging til að lesa úr þeim mannsnafnið þegar merking samnafnsins **högn* var gleymd. Þess vegna þarf ekki að koma á óvart að finna afleiddu nöfnin *Högnafjall*, *Högnahlíð* og *Högná* (< *Högnaá*) við hlið nafnsins *Högn*.

Önnur *Högna*-nöfn sem í ljósi staðhátta er freistandi að skýra á sama hátt eru *Högnaklettar* undir Eyjafjöllum, *Högnahaugur* í botni Lundarreykjadals, *Högnahnúkur* í Gnúpverjahreppi og *Högnhöfði* (væntanlega < **Högnahöfði*, sbr. *Skálholt* < *Skálaholt*) upp af Úthlíð. Í þessum tilvikum er ekki til að dreifa ósamsettu nafni (*Högn* eða *Högni*) sem hin samsettu gætu verið leidd af. Í örnefnafræði er vel þekkt að ósamsett örnefni breytast gjarnan í samsett nöfn af því að við þau bætist orðliður sem skýrir um hvers konar fyrirbæri er að ræða.

Dæmi um breytingu af þessu tagi kann að vera nafnið *Reyðarfjall* á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar líkt og Þórhallur Vilmundarson hefur haldið fram (1983:120). Hann bendir á að *Reyðarfjall* og *Reyðarfjǫrður* eru forn nöfn sem koma fyrir í Sturlubók Landnámu en telur þó sennilegt að fjallið hafi í upphafi heitið *Reyðr* (um er að ræða líkingarnafn, sbr. forníslenska *reyðr* ‘reyðarhvalur’). Dæmi eru um ósamsetta nafnið *Reyður* í heimildum frá 18. og 19. öld (sjá s.st.). Samkvæmt þessu hefur fjörðurinn verið kenndur við fjallið *Reyði*, en það nafn hefur síðan lengst í *Reyðarfjall* þegar skýringarliðurinn *-fjall* bættist við.

Fyrrgreindir klettar og fjöll, er nú bera samsett *Högna*-nöfn (*Högnaklettur* (tveir), *Högnahaugur*, *Högnahnúkur* og *Högnhöfði*), kunna að hafa heitið *Högn* í upphafi. Liðirnir *-klettur*, *-haugur*, *hnúkur* og *höfði* eru ef til vill skýringarliðir sem bættust við síðar þegar samnafnið **högn* var horfið úr málinu.

Um nafnið *Högn* í íslensku er Herforingjaráðskortið frá 1915 (mælt 1913) okkar eina heimild (Generalst. 22 SA) en líkt og komið hefur fram stangast hún á við aðrar heimildir sem ekki eru miklu yngri. Heimildarmaður örnefnaskrár Bakkasels frá 1937–1938 um nafnið

Högni var fullorðinn og bjó á svæðinu þegar örnefnum var safnað fyrir kortagerðina. Frásögn Jóhannesar landpósts, sem áður var rakin, var ekki skráð fyrr en skömmu fyrir lát hans 1938, en hún bendir þó einnig til að nafnið *Högni* hafi tíðkast á þeim tíma er landmælingamennirnir voru á ferð. Í greininni um *Skjólborg* og *Skjaldborg* að framan var bent á að misritanir væru tíðar á frumteikningum Herforingjaráðskortanna og rýrir það nokkuð heimildargildi þeirra. Teikningin að kortinu sem hér um ræðir er ekki undantekning. Þar er að finna eftirfarandi dæmi (Söguleg kort Dana):

- „Mjóidalsá“ (á uppdrættinum er einnig „Mjóidalur“)
- „Brekkaháls“ (einnig „Brekka“)
- „Smalatúngagil“
- „Skeggjastaðargil“
- „Kirkjúból“ og „Kirkjúbólsháls“
- „Margrjetavatn“
- „Gunnaragil“
- „Lambatúngadalur“ og „Lambatúngadalsá“ (einnig „Lambatúnga“)

Dæmin sýna að ritara skorti færni í íslensku. Á útgefna kortinu (Generalst. 22 SA) eru leiðréttar greinilegar villur: *Mjóadalsá, Brekkuháls, Smalatungugil, Lambatungudalur, -dalsá, Skeggjastaðagil* og *Margrjetarvatn*. Nafnið *Gunnvarargil* er hins vegar ekki fært í rétt horf. Í ljósi þessa vaknar grunur um að *Högn* geti verið misritun fyrir *Högni*. Nafnalistarnir eru án efa afritaðir eftir minnisbókum og ritara kann vel að hafa yfirsést leggur *i*-sins í „Högni“ í forritinu. Hann hefur e.t.v. talið hann vera strik af því tagi sem gjarnan gengur út úr staflegg stafa eins og *i*, *l*, *m* og *n* þegar þeir eru aftast í orði og skrifað er með tengiskrift. Einnig kann misritunin að hafa orðið vegna áhrifa frá afleiddu nafnmyndinni „Högná“, sbr. „Brekkaháls“ og „Brekka“ og „Mjóidalsá“ og „Mjóidalur“.

Niðurstaðan af þessari athugun var sú að heimildir um nafnið *Högni* væru áreiðanlegri en heimildir um nafnið *Högn*. Því skyldi *Högni* skráð sem aðalnafn en *Högn* sem hliðarmynd sökum langrar kortahefðar.

4 *Sundhnúksgígar* eða *Sundhnúkagígar*

Í maí 2022 barst fyrirspurn um nafnið *Sundhnúkagígar* á svæði norðaustur af Grindavík þar sem nokkrum misserum síðar fór að gjósa. Nafnið var ekki í örnefnagrunninum og hafði ekki verið á opinberum kortum. Spurningin laut að því hvort nafnið hefði öðlast nægilega hefð til að vera skráð í örnefnagrunninn.

Nafngjafinn, Jón Jónsson jarðfræðingur (1910–2005), kynnti til sögunnar heitin *Sundhnúkahraun* og *Sundhnúkagíga* í grein í *Náttúrufræðingnum* árið 1974. Hann lítur á þau sem jarðfræðileg hugtök um „eldvörp þau og hraun, sem urðu í því gosi, sem síðast varð á þessu svæði“ (bls. 145). Gígaröðin (eldvörpin) *Sundhnúkagígar* átti sér ekki nafn fyrir en *Sundhnúkahraun* skarast að einhverju leyti við eldra nafnið *Klifhólahraun*. En þar sem óvíst var um nákvæma afmörkun þess hentaði það ekki sem hugtak sem skilgreint var með fyrrgreindum hætti. Jón lagði áherslu á að nýju nöfnin, sem búin voru til í fræðilegum tilgangi, breyttu ekki örnefnum sem fyrir væru á svæðinu (s.st.).

Hæsti gígurinn í gígaröðinni heitir *Sundhnúkur* og eru nýju heitin kennd við hann. Jón segir (bls. 147):

> Svo vikið sé að nafninu Sundhnúkur, hefur Ísleifur Jónsson, verkfræðingur, bent mér á, að nafnið muni vera komið af því að hnúkurinn hafi verið notaður sem leiðarmerki fyrir siglingu inn sundið inn á höfnina í Grindavík.

Orðið *sund* er notað almennt um þröngt svæði á hafi, t.d. á milli eyju og lands, en einnig getur það átt við þrönga siglingarleið fram hjá boðum og skerjum. Í grein um *Sundhnúk* á Facebook-síðu Árnastofnunar segir Birna Lárusdóttir (2023):

> Það er ljóst af lýsingum að það hefur verið vandasamt að ná landi heilu og höldnu í Grindavík en Sundhnúkur hefur verið eitt af mörgum mikilvægum leiðarmerkjum fyrir innsiglingu í svonefnd Járngerðarstaðasund. Þeir sem sóttu sjóinn þurftu að kunna skil á þessum merkjum, sem gátu verið hvort heldur manngerð eða náttúruleg, og geta lesið í landslagið og síbreytilegar sjónlínur milli merkja eftir því sem báturinn færðist nær landi.

Merki þessi eru stundum nefnd *mið*, en orðið er líka notað um sjónlínu á milli tveggja eða fleiri merkja. Við lendingar um Járngerðarstaðasund í Grindavík var til að mynda í austan- og suðaustanáttum byrjað á því að fylgja miðinu *Vörður* sem skilgreint er þannig að tvær vörður bera saman í Sundhnúk. Nánari lýsing er í blaðinu *Reykjanesi* frá 1943: „Syðri varðan stendur nálægt vestari bænum á Hópi, hin er í heiðinni þar fyrir norðan. Sundhnúkur er þekkjanlegur hnúkur rétt austan við Hagafell“ („Lendingarmerki.“, bls. 3). Í suðvestan- og vestanátt var betra að fylgja *Garðinum* sem svo er lýst á sama stað:

> Merki fyrir þá leið eru: „Austari ósinn í rifinu sunnan Hópsins í tvær vörður vestast í Hópstúninu“. Þessi merki beri í Sundhnúk, sem áður er nefndur, syðri varðan stendur rétt ofan við sjávarkambinn en hin norðar í túninu rétt við túngarðinn. Þegar hásjávað er flæðir yfir rifið, sem ósinn er í. Þá verður að fara eftir vörðunum og Sundhnúknum.

Sem fyrr segir er Sundhnúkur hæstur gíganna sem liggja í röð norðaustur af Hagafelli og líkt og lýsingarnar hér á undan bera með sér er hann áberandi kennileiti sem gegnt hefur mikilvægu hlutverki í menningu heimamanna og er þáttur í sögu útgerðar frá Grindavík. Hnúkurinn hentar þannig vel til að auðkenna staði í nágrenninu og eru nafngiftir á borð við þær sem hér um ræðir í samræmi við íslenska örnefnahefð. Þá er rétt að líta til þess að nafngiftin á sér þegar um hálfrar aldar sögu, enda þótt nafnið *Sundhnúkagígar* virðist einkum hafa verið þekkt meðal náttúrufræðinga. Á hinn bóginn er galli við nafnið að það bendir til þess að það sé dregið af fleirtölunafninu *Sundhnúkar*. Tilvitnun í Jón Jónsson að framan sýnir þó að hann leit á *Sundhnúk* sem eintölumynd (sjá einnig Jón Jónsson 1978:1,135).

Samkvæmt reglum um íslenska orðmyndun er *Sundhnúks-* fyrri liður nafns sem leitt er af eintölunni *Sundhnúkur*, en *Sundhnúka-* fyrri liður nafns sem leitt er af fleirtölunni *Sundhnúkar*. *Sundhnúks-* eða *Sundhnúkagígar* eru eignarfallssamsetningar sem sýnt hefur verið fram á að eru nær einráðar þegar um er að ræða samsett orð með samsettum fyrri lið (Baldur Jónsson (1984:169 o.áfr.).

Í umræðu á samfélagsmiðlum hef ég séð því haldið fram að *Sundhnúkagígur* geti talist leitt af eintölunni *Sundhnúkur* með bandstafssamsetningu, þ.e. að *-a* fyrri liðarins sé bandstafur eins og í *rusl-a-fata* eða *dót-a-kassi*, en ekki ending eignarfalls fleirtölu. En þetta er langsótt túlkun. Almenna reglan í íslenskum örnefnum er þessi:

1) fyrri liður samsetts nafns er sterkt beygt karlkynsorð og endar á *-a* þá er liðurinn dreginn af fleirtölumynd, t.d. *Tindafell*, *Melaflatir* og *Hnaukamýri* (af bæjanöfnunum *Tindar*, *Melar* og *Hnaukar*); 2) ef fyrri liður samsetts nafns er sterkt beygt karlkynsorð og endar á *-s eða -ar þá er liðurinn dreginn af eintölumynd*, sbr. *Hamarssel*, *Haugskelda*, *Lundsá* og *Vallarhjáleiga* (af bæjanöfnunum *Hamar*, *Haugur*, *Lundur* og *Völlur*).

Nafnmynd sem ekki samræmist íslenskum orðmyndunarreglum getur þó talist góð og gild ef hún hefur öðlast ríka hefð. Þá er jafnan um það að ræða að nafnið hefur tekið breytingum frá upphaflegri mynd sinni. Dæmi um þetta eru nöfn á borð við *Öndverðarnes* (áður *Öndvert nes*), *Grænsdalur* (áður *Grensdalur*), *Húsar* (áður *Hús*) og *Breiðafjörður* (áður *Breiðifjörður*). Dæmi sambærilegt við *Sundhnúkagígar* er bæjarnafnið *Glettinganes* sem tíðkast við hlið nafnsins *Glettingsnes*. Nafnið er leitt af fjallsnafninu *Glettingur* og munu eldri heimamenn hafa notað *Glettingsnes* en aðkomufólk *Glettinganes* (Svavar Sigmundsson 2011:372, örnefnaskrár Glettingsness í Borgarfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu). Gera verður ráð fyrir að *Glettingsnes* sé eldra heitið en yngri nafnmyndin *Glettinganes* hefur náð fótfestu og var einhöfð á opinberum kortum á 20. öld. Í þessum dæmum (*Öndverðarnes*, *Grænsdalur*, *Húsar*, *Breiðafjörður* og *Glettinganes*) hafa breytt nöfn öðlast ríka hefð og því standa sterk rök til þess að skrá þau í örnefnagrunninn (öll nöfnin eru aðalnöfn þar nema *Glettinganes*).[7]

Ekki verður talið að nafnið *Sundhnúkagígar* hafi öðlast ríka hefð. Nafnið varð til fyrir um 50 árum, líkt og komið hefur fram, og þegar fyrirspurn Landmælinga Íslands barst árið 2022 virðist notkun þess ekki hafa verið útbreidd. Svæðið sem nafnið vísar til er á náttúruminjaskrá undir heitinu „Sundhnúksröðin“, einnig „Sundhnúksgígaröðin“ (Náttúruminjaskrá) og er því fordæmi fyrir því að opinber aðili stýri nafnforminu í þá átt sem hér er lagt til.

Einnig verður að líta til þess að nafnmyndin *Sundhnúkagígar* er óheppileg vegna hættu á að hún raski hinu rótgróna heiti *Sundhnúkur*, sem er óumdeilt eintölunafn. Hann var mikilvægt leiðarmerki einmitt vegna þess að um var að ræða stakan þekkjanlegan hnúk. Aftur á móti er viðbúið að myndin *Sundhnúkagígar* leiði til þess að talað sé um *Sundhnúka* í fleirtölu. Raunar birtist sú nafnmynd árið 1978 á *Jarðfræðikorti af Reykjanesskaga* eftir Jón Jónsson. Frá því að gjósa tók á svæðinu 2023 hafa opinberir aðilar eins og Veðurstofan og fréttastofa

[7] Í grunninum er hins vegar vitanafnið *Glettinganesviti*.

RÚV oftast talað um *Sundhnúksgíga* samkvæmt tilmælum frá Landmælingum Íslands. Margir jarðfræðingar virðast hins vegar nota hina myndina, ef til vill af gömlum vana. Blaðamenn Morgunblaðsins virðast einnig fylgja þeirri reglu að rita *Sundhnúkagígar.* Því miður hefur þetta leitt til þess að æ oftar er ritað og talað um *Sundhnúka* í fleirtölu.

Heimildir

Ari Páll Kristinsson. 2010. Um íslenska örnefnastýringu. *Orð og tunga* 12:1–23.

Ágúst Guðmundsson. 1996. *Árbók 1996: Ofan Hreppafjalla.* Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Baldur Jónsson. 1984. Samsett orð með samsetta liði. Fáeinar athuganir. Í: Bernt Fossestøl, Kjell Ivar Vannebo, Kjell Venås og Finn-Erik Vinje (ritstj.). *Festskrift til Einar Lundeby 3. oktober 1984*, bls. 158–174. Oslo: Novus Forlag.

Birgir Þórisson (ritstj.). 2011. *Fólkið, landið og sjórinn. Vestur-Barðastrandarsýsla 1901–2010*. Vestfjarðarit 3. Þingeyri: Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða.

Birna Lárusdóttir. 2023. Örnefnið Sundhnúkur. Grein á Facebook-síðu Árnastofnunar 15. nóvember 2023.

Finnur Jónsson. 1907–1915. Bæjanöfn á Íslandi. Í: Jón Sigurðsson, Konráð Gíslason og Gísli Brynjúlfsson (ritstj.). *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju* 4, bls. 412–584. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Fritzner = Fritzner, Johan. 1886–1896. *Ordbog over Det gamle norske Sprog* 1–3. Omarbeidet, forøget og forbedret Udgave. Kristiania: Den norske Forlagsforening.

Generalst. 13 NV = *13 NV Barðaströnd – Hálfdán* (1:50.000). Generalstabens topografiske Afdeling, Kjöbenhavn, 1915.

Generalst. 22 SA = *22 SA Langadalsströnd – Steingrímsfjarðarheiði* (1:50.000). Generalstabens topografiske Afdeling, Kjöbenhavn, 1915.

Generalst. 22 SV = *22 SV Langadalsströnd – Skálmardalsheiði* (1:50.000). Generalstabens topografiske Afdeling, Kjöbenhavn, 1915.

Guðni Þorgrímur Þorvaldsson. 2020. *Raufarfell undir Eyjafjöllum*. Rit LbhÍ nr. 129. Hvanneyri: Landbúnaðarháskóli Íslands.

Hans H. Hansen. 2015. *Íslandsatlas* (1:100.000), 5. útg. Reykjavík: Mál og menning.

Helgi Valtýsson. 1942. *Söguþættir landpóstanna*. 1. bindi. Akureyri: Norðri.

ÍÞÆ = *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Safnað hefir Jón Árnason. Ný útg. 6 bindi. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík: Þjóðsaga, 1954.

Jarðabók 9 = *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 9. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.
Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.
Jóhann Hjaltason. 1949. *Árbók 1949: Norður-Ísafjarðarsýsla.* Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
Jóhann Skaptason. 1959. *Árbók 1959: Barðastrandarsýsla*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
Jón Jónsson. 1974. Sundhnúkahraun við Grindavík. *Náttúrufræðingurinn* 43(3–4):145–153.
Jón Jónsson. 1978. *Jarðfræðikort af Reykjanesskaga*. 1. Skýringar við jarðfræðikort. 2. Jarðfræðikort. Reykjavík: Orkustofnun.
Kuhn, Hans. 1951. Vestfirzk örnefni. *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 50:5–40.
„Lendingarmerki.“ 1943. *Reykjanes* 1(4):3–4.
LMÍ 13 = *13 Barðaströnd* (1:100.000). Reykjavík: Landmælingar Íslands, 1998.
LMÍ 22 = *22 Langadalsströnd* (1:100.000). Reykjavík: Landmælingar Íslands, 1994.
Manntöl. Hlekkur á manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands: https://manntal.is (sótt í ágúst 2024)
Nafnið.is. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (sótt í ágúst 2024).
Náttúruminjaskrá. Hlekkur á vef Umhverfisstofnunar: https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/ (sótt í ágúst 2024).
NO 5 = *Norsk ordbok*. *Ordbok over det norske folkemålet og det nynorske skriftmålet*, 5. bindi. Lars S. Vikør (aðalritstjóri). Oslo: Det norske samlaget, 2005.
NSL = Norsk stadnamnleksikon, 4. útg. Jørn Sandnes og Ola Stemshaug (ritstj.). Oslo: Det norske samlaget, 1997.
Ólafur Davíðsson. 1888–1892. *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur II: skemtanir*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafélag.
Safn = Safn úr orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (AM 433 fol.). Seðlasafn á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Sandnes, Jørn. 1968. Fjellnamn frå Trøndelag. Í: Jørn Sandnes og Per Tylden (ritstj.). *Namn i fjellet*, bls. 14–56. Oslo: Det Norske Samlaget.
Svavar Sigmundsson. 2011. Örnefni. Í: Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). *Handbók um íslensku*, bls. 367–378. Reykjavík: JPV útgáfa.
Söguleg kort Dana. Kortalag í kortasjá Landmælinga Íslands sem sýnir frumteikningar að Herforingjaráðskortum og Atlaskortum: https://kortasja.lmi.is (sótt í ágúst 2024).
Talmálssafn Orðabókar Háskólans. Seðlasafn á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Torp, Alf. 1963. *Nynorsk etymologisk ordbok*. Uforandret opptrykk. Oslo: H. Aschehoug & Co.
ÞÍLmb Barð = Þjóðskjalasafn Íslands, Landamerkjabók Barðastrandarsýslu, 1886–1960.
ÞÍLmb I Mýr/Brg = Þjóðskjalasafn Íslands, Landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 1922–1923.

ÞÍ Manntöl = Þjóðskjalasafn Íslands, Manntalsvefur: https://manntal.is (sótt í ágúst 2024).
Þorvaldur Thoroddsen. 1958. *Ferðabók*. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882–1892. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson & Co.
Þórhallur Vilmundarson. 1983. Baldur og Loki. *Grímnir* 2:5–37.
Þórhallur Vilmundarson. 1994. Víghóll. *Lesbók Morgunblaðsins*, 12. tbl., 26. mars, bls. 7–11.
Þórhallur Vilmundarson. 1996. Hjǫrungavágr. *Grímnir* 3:51.
Örnefnaskrár í örnefnasafni. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lykilorð

örnefni, opinber örnefnagrunnur, örnefnastýring

Keywords

place names, official place-name database, place-name standardization

Abstract

The article presents the results of three studies undertaken to resolve actual questions that arose in connection with work on standardizing place names in the national place-name database of Iceland. The three studies illustrate some of the many and varied kinds of issues that need to be addressed in the process of place-name standardization.

Aðalsteinn Hákonarson
rannsóknaraðjunkt
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Eddu, Arngrímsgötu 5, IS-107
adalsteinn.hakonarson@arnastofnun.is